



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands
símafundur 5. nóvember 2010 kl. 10.15

Á fundinn mættu: Davíð, Sædís Íva, Ásbjörn, Margrét og Sigrún Kapítóla. Ragnheiður og Sandra Brá boðuðu forföll. Sædís Íva ritaði fundargerð í forföllum Söndru.

Sædís Íva setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún bauð Sigrúnu Kapítólu, nýjan stjórnarmann velkomna til starfa í stjórn. Jafnframt þakkir til Rósu vegna vel unninna starfa í þágu MSS.

Vinnsla á borðkorti:

Davíð kynnti drög að borðkorti sem hann er að láta vinna. Stefnan er að borðkortið verði sjálfbært að mestu, þ.e. að auglýsingar muni kosta útgáfu þess. Umræða um hvað eigi að vera á kortinu, allir sammála um að hafa það ekki ofhlaðið. Ási kom með ábendingu um að setja inn vagnúmer þar sem útlendingar keyra eftir þeim. Nauðsynlegt að fjallvegir séu aðgreindir.

Fjárframlög:

- *Fjárlaganefnd – Íslandsstofa*
Davíð upplýsti að hann hafi farið á fund fjárlaganefndar. Tilkynnt hefur verið að framlög til markaðsstofanna verði skert úr 5 mkr. í 3,5 mkr. Ræða þarf endurnýjun samninga við Ferðamálastofu. Íva sagði frá vinnu sem fer fram hjá lðnaðarráðuneytinu um endurskoðun á stoðkefinu í heild.
- *Endurnýjun samninga v. sveitarfélög*
Davíð kynnti drög að bréfi vegna endurnýjunar á samningum við sveitarfélögin. Stjórn sammála um að óska eftir endurnýjun til fjögurra ára, þ.e. út þetta kjörtímabil.
- *Aðild nýrra félaga*
Davíð ræddi um inngöngu nýrra aðila. Kynnti hugmynd um að gera framtíðarsamning við aðila. Ræddi um möguleikana á að fólk komi inn á miðju ári og greiði þá hlutfallslega.

Sýningar:

- *Mid-atlantic – Íslandskynning Þýskalandi – ITB*
Mid Atlantic sýning í febrúar, Davíð hefur óskað eftir að MSS fái að vera aðili á þessari sýningu. Davíð sagði frá Íslandskynningu í Þýskalandi. Þýskalandsmarkaður er mikill sóknarmarkaður. Hann mun kynna þetta nánar á snertifundi í desember.
- *Atvinnulífssýning Ráðhúsínu*
Davíð hefur sent ráðhúsínu erindi um að fá Ráðhúsið um helgi í mars. Lýsti hugmyndum sínum að því hvernig sýningin væri. Íva lýsti skoðun sinni á að sýningin eigi að ná yfir miklu víðtækara en ferðapjónustu. Ási og Sigrún tóku undir þessa skoðun.

Boðleiðir á starfssemi MSS til svæða:

- Skýrslur stjórnar o.fl

Davíð sagðist hafa fengið ábendingar um að starf Markaðsstofunnar sé ekki nógu sýnilegt. Samþykkt að senda aðildarsveitarfélögum starfsskýrsluna mánaðarlega ásamt því að setja hana á [www. markadsstofa.is](http://www.markadsstofa.is)

Tilboð:

- *Erindi Halldórs Pálssonar*
Davíð kynnti tilboð Halldórs Pálssonar um mynddisk sem Halldór hefur unnið að. Mikið af fallegu myndefni er á disknum. Stjórn sammála um að taka ekki þátt í verkefninu.
- *Erindi frá Gate to Iceland*
Davíð sagði frá tilboði um auglýsingu í bækling. Samþykkt að kaupa ekki auglýsingu.

Málefni innan stjórnar:

- *Framkvæmd síðustu fam-ferðar haustins*
Davíð gerði grein fyrir FAM ferð sem hann hefur farið í nú þegar og hvað er framundan. Ási lýsti mikilli ánægju með framkvæmdina.
- *Skjaldborg og stuðningur við framkvæmdir*
Rætt um nauðsyn þess að standa vel saman um starfsemi MSS og við bakið á starfsmanninum. Einnig rætt um þann misskilning sem virðist vera uppi með fyrir hverja MSS vinnur. Þau sveitarfélög sem eru aðilar að MSS fá kynningu og umfjöllun í gegn um MSS. Þau fyrirtæki sem eru aðilar fá birtingu á á sínu kynningarefni í bæklingi og á heimasíðu. Með aðild sveitarfélags eru ferðaþjónustuaðilar ekki sjálfkrafa aðilar að MSS.

Önnur mál:

Stöðuskýrsla vegna [www. south.is](http://www.south.is)

Davíð sagði frá hvaða vinna hefur verið framkvæmd á heimasíðunni.

Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur verður „snertifundur“ 13. desember. Fundurinn verður haldinn á vestari hluta starfssvæðis - nánari staðsetning verður send út.

fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45

Sædís Íva Elíasdóttir